

Frumvarp til laga

um peningamarkaðssjóði.

(Eftir 2. umræðu, 9. febrúar.)

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um skilyrði fyrir stofnsetningu, rekstri og markaðssetningu peningamarkaðssjóða.

2. gr.
Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 30–67, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2020 frá 7. febrúar 2020, sem birt var með auglýsingu nr. 5/2022 í C-deild Stjórnartíðinda, dags. 23. mars 2022, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Þegar vísað er til laga þessara í lögunum er jafnframt átt við reglugerð ESB samkvæmt þessari grein.

Með vísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/EB í lögum þessum er átt við ákvæði laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með vísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í lögum þessum er átt við ákvæði laga um verðbréfasjóði.

Með vísun til samstæðureikningsskila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB í 10. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 er átt við samstæðureiknings-skil samkvæmt lögum um ársreikninga.

Með vísun til gerninga eins og um getur í 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB í 2. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 er átt við hugtakið peningamarkaðsgerningar í skilningi 5. gr. reglugerðar um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf, nr. 970/2021.

Með vísun til framseljanlegra verðbréfa eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB í 3. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 er átt við hugtakið framseljanleg verðbréf í skilningi reglugerðar um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf, nr. 970/2021.

Með vísun til strangari krafna sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 er átt við kröfur samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

3. gr.

Eftirlit og upplýsingagjöf.

Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahags-svæðið, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um eftirlitið og um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins, gilda ákvæði laga þessara, ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/1131 um peningamarkaðssjóði, laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármála-eftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum laga þessara við framkvæmd eftirlits og vegna sam-vinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina samkvæmt lögum þessum.

Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald hér á landi í skilningi reglugerðar (ESB) 2017/1131.

4. gr.

Eftirlitsheimildir.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til eftifarandi ráðstafana til þess að tryggja að farið sé að lögum þessum:

1. Krefjast aðgangs að, afhendingar á eða afrits af öllum gögnum á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
2. Krefja peningamarkaðssjóð eða rekstrarfélag eða rekstraraðila peningamarkaðssjóða, eftir atvikum, um allar upplýsingar án tafar á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
3. Krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar sem tengjast starfsemi peningamarkaðssjóða eða rekstrarfélags eða rekstraraðila peningamarkaðssjóða, eftir atvikum.
4. Framkvæma vettvangsathuganir og vettvangsrannsóknir með fyrirframtilkynningu eða án tilkynningar.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla staðfestingu peningamarkaðssjóðs sem hefur staðfestu hér á landi brjóti rekstrarfélag eða rekstraraðili sjóðsins, eftir atvikum, eða sjóðurinn gegn ákvæðum 1. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131.

5. gr.

Aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómar og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

6. gr.

Úrbótakrafa vegna brots.

Komi í ljós að ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim sé ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

7. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann lögaðila eða einstakling sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra:

1. 4. gr. með því að öðlast staðfestingu peningamarkaðssjóðs með því að veita rangar upplýsingar.
2. 6. gr. um notkun á heitinu peningamarkaðssjóður eða annarri tilvísun sem gefur til kynna að verðbréfasjóður eða sérhæfður sjóður sé peningamarkaðssjóður án þess að hafa fengið staðfestingu sem slíkur samkvæmt lögum þessum.
3. 9.–16. gr. um fjárfestingarheimildir.
4. 17.–18. gr. um dreifingu og samþjöppun í eignasafni.
5. 19.–21. og 23. gr. um innra lánshæfismat.
6. 24.–28. gr. um áhættustýringu.
7. 29. gr. um verðmat eigna.
8. 30.–33. gr. um útreikning á innra virði sjóðs og virði hlutdeildarskírteina.
9. 34. gr. um lausafjárvíðingu peningamarkaðssjóða með fast innra virði sem fjárfesta í skuldum hins opinbera og peningamarkaðssjóða með lítið flökt í innra virði.
10. 36. gr. um upplýsingaskyldu.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 800 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktá samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að ákvarða einstaklingi eða lögaðila sem brýtur gegn lögum þessum eða stjórvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra, stjórvaldssekt allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti.

Ákvarðanir um stjórvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádegnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

8. gr.

Saknæmi.

Stjórnsýsluviðurlögum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

9. gr.

Ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana.

Við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga, þar á meðal um fjárhæð stjórvaldssektar, og annarra ráðstafana vegna brots skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a. alvarleika brots og hvað það hefur staðið lengi yfir,
- b. ábyrgðar hins brotlega,
- c. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af árveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings,
- d. ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðar með broti, þess tjóns sem broti ið veldur þriðja aðila og, ef við á, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
- e. samstarfsvilja hins brotlega,
- f. fyrri brota hins brotlega og hvort um ítrekað brot er að ræða, og

g. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

10. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málínu með sátt með samþykki máls-aðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd 1. mgr.

11. gr.

Réttur grunaðs manns.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til löggreglu hefur sa sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

12. gr.

Frestur til að beita stjórnsýsluviðurlögum.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsýsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

13. gr.

Refsing við broti.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftifarandi ákvæðum reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131:

1. 1. mgr. 4. gr. um starfsemi án staðfestingar sjóðs.
2. 9.–16. gr. um fjárfestingarheimildir.
3. 36. gr. um upplýsingaskyldu.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara sem varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmanн lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknænum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilan-um sekt.

14. gr.
Kæra til löggreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn löggreglu að undangenginni kæru Fjármála-eftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnsýsluviðurlögum og refsingu metur Fjármála-eftirlitið hvort mál skuli kært til löggreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá því. Ef brot er meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa því til löggreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar löggreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot styðst við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun Fjármála-eftirlitsins um að kæra mál til löggreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta löggreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem það hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum löggreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Löggreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hefur verið aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Löggreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemit sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármála-eftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

15. gr.
Stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 um þau atriði sem koma fram í:

1. 7. mgr. 15. gr. um megindlegar og eigindlegar kröfur um seljanleika og lánshæfi eigna.
2. 3. mgr. 19. gr. um viðmiðanir fyrir sannreyningu á aðferðafræði lánshæfismats.
3. D-lið 4. mgr. 19. gr. um verulegar breytingar.
4. A-lið 2. mgr. 20. gr. um viðmiðanir til að mæla útlánaáhættu og hlutfallslega vanskila-áhættu útgefanda og gernings.
5. B-lið 2. mgr. 20. gr. um viðmiðanir til að koma á eigindlegum vísum í tengslum við útgefanda gernings.

Seðlabanki Íslands setur reglur um nánari framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 um þau atriði sem koma fram í 4. mgr. 37. gr. um skýrslugjafar-sniðmát.

Seðlabanki Íslands setur reglur um lok mála vegna brota gegn lögum þessum með sátt, sbr. 10. gr.

16. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2023.

Þeir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu sem hafa staðfestu eða eru markaðssettir hér á landi við gildistöku laga þessara og teljast vera peningamarkaðssjóðir í skilningi laganna skulu uppfylla skilyrði laganna eigi síðar en 1. september 2023.

17. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021:*
 - a. 69. gr. laganna fellur brott.
 - b. 45. tölul. 1. mgr. 115. gr. laganna fellur brott.
2. *Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998:* 7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, evrópskra áhættufjármagnssjóða, evrópskra félagslegra framtakssjóða, evrópskra langtímaþjárfestingarsjóða og peningamarkaðssjóða.